

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um skiptingu á 121**  
 kostnaði af sjóvegsflutningi þurfalings sýslna á milli. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 3. nóv. 9. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, beiðst úrskurðar míns um hvernig skipta beri niður á hlutaðeigandi sýslur kostnaðinum af sjóvegsflutningi, er fram fór vorið 1879 á vitskertum kvennmanni, Elsubjörgu Pálsdóttur, sem sveitlæg var í Álptaneshreppi í Mýrasýslu, með póstskipinu Diönu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og síðan úr póstskipinu á opnu skipi uppá Akranes áleiðis á sveit hennar.

Kostnaðurinn af sjóvegsflutningi þessum hefur verið sá, er nú skal greina:

|   |              |
|---|--------------|
| 1. Fargjald m. fl. milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur . . . . .   | 33 kr. 50 a. |
| 2. Flutningur úr póstskipinu uppá Akranes . . . . .   | 14 — » -     |
| 3. Borgun fyrir trjevirki, er haft var utanum vitfirringinn á sjóleiðinni frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, að frádregnum 6 kr. 95 a. sem það síðan seldist fyrir við uppboð . . . . . | 44 — 36 -    |
|   | 91 kr. 86 a. |

Þegar nú um skipting þessa kostnaðar á hlutaðeigandi sýslur er að ræða, samkvæmt opnu brjefi 17. apríl 1868, 2. gr., þá fæ jeg ekki betur sjed, en að það sje rjett álitid af yður, að ofannefndur sjóvegsflutningur eigi að skoðast hafa farið fram í tvennu lagi, nefnilega fyrst eptir ráðstöfun sýslumannsins í Norðurmúlasýslu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og síðan eptir ráðstöfun bæjarfógetans í Reykjavík þaðan til Akraness, en af því virðist mjer þá aptur leiða beinlínis, að Norðurmúlasýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla — en til hennar ber að telja Reykjavík í þessu sambandi, sbr. 1. gr. ofannefnds opins brjefs — eigi að bera sinn helminginn hvor af kostnaðinum við flutninginn frá Seyðisfirði til Reykjavíkur og Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla á sama hátt kostnaðinn við flutninginn frá Reykjavík uppá Akranes.

Eptir þessu ber, eins og þjer einnig hafið álitid, að skipta ofannefndum flutningskostnaði þannig milli fyrnefndra 3 sýslna:

Borgarfjarðarsýslu ber að greiða  $\frac{1}{2}$  flutningskostnað milli Reykjavíkur og Akraness 7 kr. » a. Gullbringu- og Kjósarsýslu:

|  |                     |
|--|---------------------|
| a) $\frac{1}{2}$ flutningskostnað milli Reykjavíkur og Akraness . . . . .      | 7 kr. » a.          |
| b) $\frac{1}{2}$ — — — — — Seyðisfjarðar og Reykjavíkur . . . . .              | 16 — 75 -           |
| c) helming kostnaðar af ofannefnu trjevirki . . . . .                          | 22 — 18 - 45 — 93 - |
| Norðurmúlasýslu:   |                     |
| a) $\frac{1}{2}$ flutningskostnað milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur . . . . . | 16 kr. 75 a.        |
| b) $\frac{1}{2}$ kostnað af trjevirkinu . . . . .                              | 22 — 18 - 38 — 93 - |

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnunum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og bið jeg yður að sjá um, að tjeðar sýslur endurgjaldi tafarlaust Norðurmúlasýslu það sem hún hefur ofborgað af hinum hjerumrædda flutningskostnaði samkvæmt ofantjeðri skiptingu.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Islandi um bráðabirgðaruppboð til 2**  
 prestakalla. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, háæruverðugi herra, dagsett 3. p. m., innihaldandi skýrslu þá, er jeg hafði um beið viðvíkjandi upphæð eptir- 122  
 4. nóv.

**122** launa þeirra, er greiðast til emeritprestanna í Kálfhólts prestakalli og Sauðlauksdals prestakalli af tekjum nefndra brauða, vil jeg í framhaldi af brjefi mínu, dagsettu 31. f. m., hjermeð samþykkja, að af þeirri 300 kr. uppbót, sem ætluð hafði verið Desjarmýri af því fje, sem talið er í fjárlaganna 13. gr. A b. 2 fyrir 1884 tilfalli Kálfhólts prestakalli 100 kr. og Sauðlauksdals prestakalli 50 kr., og skal jeg jafnframt geta þess, að jeg ekki hefi sjeð mjer fært að veita Sauðlauksdals prestakalli fyrir eitt ár hærri uppbót alls en 250 kr., að þeim 200 kr. meðtöldum, sem veittar voru með brjefi mínu 10. marzmán. p. á., því þarsem eptirlaunabyrði sú, er nú sem stendur hvílir á branði þessu eptir skýrslu yðar aðeins nemur 249 kr. 14 a., þá hefir brauð þetta með hinni veittu upphæð fengið fulla uppbót fyrir það sem frá því gengur til emeritprestisins, og með því brauðinu engin uppbót er ákveðin hvorki í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 nje í síðari lögum, má þannig álíta, að hlutadeigandi prestur hafi fyrir uppbótina þær tekjur óskertar, sem í hinum gildandi lögum er ætlast til að embætti hans fylgi.

**123** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um gildi prófs í yfirsetufræði. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 18. sept. p. á., hafð þjer, herra amtmaður, skýrt frá því, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hafi farið þess á leit, að stúlkan Margrjet Grímsdóttir yrði af amtinu skipuð yfirsetukona í 1. yfirsetukvennaumdæmi Skagafjarðarsýslu, en með tilliti til þess að yfirsetukona þessi hafi að nokkru leyti notið kennslu hjá hjeraðslækninum í 10. læknishjæraði, Helga Guðmundssyni, sem eigi er í tölu þeirra lækna, sem með yfirsetukvennalögum 17. desember 1875 eru löggiltir til að *kenna* yfirsetukonum og prófa þær, hafð þjer beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort amtið megi skipa nefnda stúlku sem yfirsetukonu og hvort hún geti átt von á að fá allan kennslukostnaðinn endurgoldinn úr landssjóði.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því það sjest af ofanefndu brjefi yðar, að auk galla þess, sem þjer hafð bent á að verið hafi á *kennslu* fyrnefndrar yfirsetukonu, hefur hún þaraðauki verið prófuð af læknaskólakandidat Þorgrími Þórðarsyni, sem hjeraðslæknirinn í 11. læknishjæraði fjekk í sumar til að gegna embætti sínu í fjarveru sinni erlendis, en sem ekki hafði enn fullnægt skilyrðum þeim sem sett eru fyrir því að geta orðið hjeraðslæknir á Íslandi, einkanlega því að hafa gengið á fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn, þá get jeg ekki álitid, að stúlka sú, sem hjer ræðir um, hafi eptir kennslu þá, er hún hefur notið, og með prófi því, sem hún hefur tekið hjá nefndum læknaskólakandidat, náð þeim hæfilegleika, sem útheimtist til að geta orðið skipuð yfirsetukona á Íslandi, einsog líka kostnaðurinn til slíkrar kennslu og prófs eigi getur orðið endurgoldinn úr landssjóði.

**124** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um bann gegn veitingasölu áfengra drykkja á sunnu- og helgidögum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. sept. p. á., hafð þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að lögreglustjórnarnir í amti yðar hafi haft ýmsan skilning á opnu brjefi 26. sept. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, sjerstaklega að því er snertir